hopp

# Samstarfsyfirlýsing

Rekstur á stöðvalausri deilileigu fyrir rafskútur á Húsavík

## Skyldur sveitarfélagsins

Sveitarfélagið getur fært eða fjarlægt rafskútur sem hefur verið lagt þannig að bein hætta stafar að. Sé rafskúta fjarlægð skal sveitarfélagið tilkynna Hopp um þá aðgerð innan sólarhrings.

Samstarfsyfirlýsingu þessa má afhenda þriðja aðila, sé þess óskað, og/eða birta á heimasíðu sveitarfélagsins.

Sé tilefni til getur sveitarfélagið upplýst íbúa og gesti sveitarfélagsins um öruggar leiðir til notkunar rafskútna, svo sem með fræðslu, skiltum eða á hvern annan máta sem hentar.

## Tengiliðir

Tengiliður við Hopp á Húsavík er Birna Íris Barkardóttir, netfang birnab97@gmail.com, sími 844-9565. Tengiliður við Hopp á Íslandi er Þorgrímur Kári Emilsson, viðskiptastjóri, netfang thorgrimur@hopp.bike, sími 868-2515.

## Eftirfylgni

Hopp og Sveitarfélagið Norðurþing hyggjast meta reglulega árangur af komu Hopps til Húsavíkur. Árlega, og oftar ef þurfa þykir, skulu tengiliðir Hopp og sveitarfélagsins funda um stöðu smáfarartækja í sveitarfélaginu og athuga hvort tilefni sé til breytinga eða úrbóta.

## Gildistími

Samstarfsyfirlýsing þessi gildir í þrjú ár frá undirritun hennar, með möguleika á framlengingu í tvö ár. Báðir aðilar samstarfsyfirlýsingarinnar geta rift samstarfinu. Slíkt skal gert með tilkynningu til hins aðilans. Að loknum þremur mánuðum frá tilkynningu um riftingu falla allar skuldbindingar samstarfsins niður.

Staður og dagsetning,

Húsavík 8/7'2022

f.h. Sveitarfélagsins Norðurþings

f.h. Hopp Birna'Íris

Norðurþing